

Sp. 284. Tillaga til þingsályktunar

um ríkisábyrgð fyrir Eskifjarðarhrepp og framlag til viðreisnar atvinnulífinu þar.

Flm.: Brynjólfur Bjarnason, Einar Olgeirsson, Ísleifur Högnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni:

1. Að ábyrgjast allt að 75 þúsund króna lán fyrir Eskifjarðarhrepp, til stækkunar á rafveitu hreppsins.
2. Að leggja fram allt að 100 þúsund krónur sem hlutafé, eða á annan hátt, til viðreisnar atvinnulífinu á Eskifirði.

Jafnframt er ríkisstjórninni falið að láta nú þegar rannsaka, hverskonar iðnfyrirtæki mundu best henta á Eskifirði, með sérstöku tilliti til þess, að þau fullnægðu að verulegu leyti atvinnuþörf þorpsbúa, en þyrftu þó ekki meiri orku en rafveitan, með fyrirhugaðri stækkun, gæti í té látið.

Greinargerð.

Á undanförnum þingum hafa legið fyrir þingsályktunartillögur um ríkisábyrgð fyrir Eskifjörð vegna nýrrar rafveitu og strigaverksmiðju. Var búizt við, að sú rafveita mundi kosta um 200 þúsund krónur (ca. 280 hestöf), en nú fyrst liggur fyrir fullnaðaráætlun um hana. Samkvæmt henni mundi 305 hestafla stöð kosta um 266 þúsund krónur, og er hún því mun dýrari en í fyrstu var ætlað. Með strigaverksmiðjunni, sem áætlað var, að kosta mundi rúmlega 300 þúsund krónur, hefði því orðið um að ræða ríkisábyrgð fyrir hátt á 6. hundrað þús. krónur.

Þó hreppsnefndin sé enn sem fyrr sannfærð um, að strigaverksmiðjan mundi að fullu nægja til þess að ráða fram úr atvinnuleysinu á Eskifirði og til að gera hreppsfélagið efnalega sjálfstætt, þá virðist henni, að Alþingi muni ekki á næstunni fallast á þessa lausn málanna. Vill hreppsnefndin þó ekki efast um vilja þingsins til að ráða

bót á því ófremdarástandi, sem hreppsþúar hafa orðið við að búa í s.l. 5—6 ár, en lausn þess máls þolir enga bið lengur, ef ekki á vitandi vits að eyðileggja með öllu það fólk, sem harðast hefir orðið úti vegna atvinnuleysisins. Hefir hreppsnefndin því orðið ásátt um að endurbæta gömlu rafveituna svo, að hún geti fullnægt ljóshörf þorpsins fyrst um sinn, og byggja jafnframt nýja rafstöð, sem orðið gæti um 80 hestöfl, í sambandi við gömlu stöðina. Vill hreppsnefndin láta alla orku hinnar nýju stöðvar ganga til iðnaðar, ef þess gerist þörf, því hún lítur svo á, að atvinnumálin verði að sitja fyrir öllu öðru (auknum lífshægingdum, svo sem rafsúðu o. s. frv.).

Hreppsnefndin á mjög óhægt með að benda á, hverskonar iðnaður mundi bezt henta á Eskifirði, vegna þess, að hér er ekki um neina fagmenn að ræða, sem hún gæti leitað ráða til, né heldur er henni kunnugt um allar þær iðnvörur, sem þegar er farið að framleiða í landinu. En hún telur æskilegast, að sú iðngrein, sem hér yrði á fót komið, væri alveg ný í landinu, og helst að henni yrði veitt einkaleyfi til framleiðslunnar í nokkur ár, til þess að tryggja fjárhagslega afkomu fyrirtækisins. Þess vegna fer hreppsnefndin fram á, að ríkisstjórnin láti henni í té sérfróðan ráðunaut — eða ráðunauta — til að vinna að undirbúningi þessa máls.